

AUGLÝSING

**um leiðbeinandi reglur fyrir lögmenn um endurgjald sem þeim er hæfilegt
að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar
af löginnheimtu peningakröfu.**

1. gr.

Reglur þessar eru lögmönnum til leiðbeiningar um hvað teljist hæfilegt endurgjald vegna kostnaðar af löginnheimtu peningakröfu sem lögmenn geta áskilið umbjóðendum sínum úr hendi skuldara. Reglurnar taku ekki til útlagðs kostnaðar vegna ýmissa gjalda sem greiða þarf vegna innheimtu peningakröfu. Fjárhæðir í reglunum eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

Með löginnheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarsлага eftir að krafa hefur verið til fruminnheimtu og milliinnheimtu á grundvelli innheimtulaga og markast upphaf hennar við aðgerðir sem byggðar eru á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um kyrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 og lögum um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991, eða tilkynningum sem samrýmast góðum lögmannsháttum, sbr. 24. gr. a laga um lögmenn.

Lögmanni er óheimilt að áskilja sér endurgjald af þeim hluta kröfu sem fallinn er í gjalddaga vegna gjaldfellingar eftirstöðva skuldar sökum vanefnda á greiðslu afborgunar eða vaxta.

2. gr.

Hæfilegt endurgjald sem reiknast af fjárhæð þeirrar kröfu sem til innheimtu er telst vera:

Grunngjald 6.000 kr. að viðbættu:

25% af fyrstu kr. 50.000

10% af næstu kr. 200.000

5% af næstu kr. 2.000.000

2% af því sem umfram er en þó aldrei hærri en kr. 350.000.

Hæfilegt endurgjald fyrir ritun greiðsluáskorunar, aðfararbeiðni, nauðungarsölubeiðni, gjaldþrotaskiptabeiðni, kröfulýsingar, afturkallanir og beiðni um vörslusviptingu, er 6.000 kr.

Hæfilegt endurgjald fyrir frestun aðgerða í máli án mætingar, ítrekun vegna greiðslufalls samnings um uppgjör skulda og aðvörun um frekari innheimtuaðgerðir er kr. 1.000.

Hæfilegt endurgjald fyrir fyrsta móti í máli sem tekið er fyrir hjá sýslumannni er kr. 10.000 en kr. 6.000 í hvert sinn eftir það.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 3. mgr. 24. gr. a laga um lögmenn nr. 77/1998, sbr. lög nr. 60/2010, öðlast gildi 1. júlí 2013 og gilda vegna krafna sem koma til löginnheimtu eftir þann tíma.

Innanríkisráðuneytinu, 26. apríl 2013.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.